

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 8. tbl. 5. árg. 14. apríl 2011

Nýr ritstjóri mun á næstu vikum setja sig í samband við grunn- og leikskóla Akureyrarbæjar og óska eftir aðstoð við efni í blaðið og góðri samvinnu. Gaman væri að fá upplýsingar um þróunarverkefni sem hafa verið unnin og eru í vinnslu.

Linda María Ásgeirsdóttir
lindamaria@akureyri.is

Hólmasól 5 ára

Á afmælisdaginn 2. maí mun skólinn taka á móti á móti Grænfánanum sem unnið hefur verið að undan farið ár. Munu allir hafa verið duglegir að tileinka sér og vinna eftir þeim vinnubrögðum sem þarf til að þessum áfanga sé náð. Flaggað verður á glæ nýrri fánastöng sem foreldrafélag Hólmasólar ætlar að gefa skólanum í tilefni afmælisins.



Markviss málörvun á leikskólanum Kiðagili

Það er ánægjulegt að segja frá því að Mennta- og menningarmálaráðuneytið undirbýr nú skýrslu um markvisst starf til málörvunar og þróunar lestrarnáms í leikskólum landsins. Ráðuneytið leitaði til sveitarfélaga vítt og breitt um landið og fengu frá þeim ábendingar um skóla sem helst kæmu til greina. Í framhaldinu völdu sérfræðingar ráðuneytisins 10 skóla til þátttöku í verkefninu. Það er skemmst frá því að segja að Kiðagil er einn þessara skóla og munu sérfræðingarnir leita til skólanna og heimsækja þá til þess að kynna sér starfið. Í skýrslunni verður gerð ítarleg grein fyrir starfi skólanna tíu til upplýsinga fyrir leik- og grunnskóla.

Gleðilega páska.

Mynd augnabliksins

Mynd augnabliksins er frá Olweusarþema í Brekkuskóla. Yfirskrift þemans var samvinna og samskipti. Unnið var í aldursblönduðum hópum og voru þrír bekkir í hverjum hóp

Vel heppnaður Þjóðleikur á Akureyri.

Leiklistarhátíðin Þjóðleikur Norðurlandi fór fram í Listagilinu á Akureyri í byrjun apríl. Alls voru sýndar fimmtán sýningar á verkunum Mold eftir Jón Atla Jónasson og Iris eftir þau Brynhildi Guðjónsdóttur og Ólaf Egil Egilsson, en þau mættu sem gestir á hátíðina og voru að eigin sögn mjög ánægð með afraksturinn. Hátíðin er samstillt átak um 150 norðlenskra ungmenna í 7 leikhópum með fjölda stuðningsaðila, svo sem Leikfélag Akureyrar sem hafa gert þetta átak mögulegt.

Á laugardagskvöldinu bauð Þjóðleikur uppá pizzuveislu og fljótlega eftir það var blásið til kvöldvöku, þar sem hver hópur bauð upp á skemmtiatriði.

Unnið með hópandann í Brekkuskóla.



Í byrjun apríl fór einn sjöundi bekkurinn í vinnu við að efla hópandann. Hver nemandi dró miða með nafni bekkjarfélaga. Um bekkjarfélagann þurfti sá sem dró að skrifa eina jákvæða setningu. Unnið var með nafnorð og lýsingarorð í tengslum við þessa vinnu. Afraksturinn kom nemendum skemmtilega á óvart og að lokum var farið í hugmyndavinnu um hvernig ætti að gera vinnuna sýnilega. Niðurstaðan varð stór hönd þar sem smærri hendur sýna textann.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af Skóladeild Akureyrarbæjar Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Opnunartími mán-fimmtudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins: er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu.

Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- grunn- og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Á næstu viku munu koma hér áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Skólar Akureyrarbæjar gegna því hlutverki að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun eigin samfélags og stundað frekara nám. Skólarnir eru menntastofnanir í sífældri þróun. Skólar Akureyrarbæjar leggja áherslu á jafnan rétt til náms, umhyggjusemi og vellíðan nemenda. Í skólum bæjarfélagsins öðlast hver nemandi alhliða menntun og fær hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga.

Skólar Akureyrarbæjar skapa góðar aðstæður til menntunar með framsæknu skólastarfi, hæfu starfsfólki, góðri starfsaðstöðu, gagnkvæmum samskiptum við heimilin og tengslum við umhverfið.

Framtíðarsýn.

Skólar Akureyrarbæjar verði framsækin skólasamfélög þar sem nemendur öðlist þroska til góðra verka. Með bókvit, verksvit og síðvit að leiðarljósi fái sérhver nemandi hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.

Skólar Akureyrarbæjar skapi í samstarfi við heimilin kjörumhverfi til náms með hvetjandi starfsumhverfi, hæfileikaríku starfsfólki og virkum tengslum við samfélagið.

Skólar Akureyrarbæjar verði fyrirmynd góðra skóla.

Páskavefur Námsgagnastofnunar.

Skemmtilegur og fræðandi vefur með efni er tengist páskum. Þar má t.d. sjá að Dymbilvika er síðasta vika fyrir páska, fræðast um páskaegg, löngu föstu, Hallgrím Pétursson og ýmislegt fleira.

Sjá nánar á: <http://vefir.nams.is/dagsins/paskar09/index.htm>

Rannsóknarþing Kennaradeildar í HA

Föstudaginn 15. apríl kl. 12:30–16:15 verður haldið Rannsóknarþing Kennaradeildar í Háskólanum á Akureyri. Aðalerindi á þinginu flytur Jón Torfi Jónasson, sviðsforseti Menntavísindasviðs HÍ. Hann nefnir erindi sitt: *Skólastarf, kennaramenntun og rannsóknir; hvernig sinnir kennaramenntunarstofnun best hlutverki sínu?* Að loknu erindi Jóns Torfa verða kynningar á nokkrum rannsóknarverkefnum kennara og meistaranema í kennaradeild HA. Þingið verður öllum opið. Sjá nánar á:

http://unak.is/forsida/news/rannsoknarthing_kennaradeildar/

Auglýst er eftir fréttamönnum.

Grenndargral.is bætist nú í hóp fjölmiðla sem segja fréttir úr heimabyggð og það með hjálp grunnskólanemenda. Nemen- dum í 8. – 10. bekk allra grunnskóla á Akureyri gefst nú tækifæri til að setja sig í spor fréttamanna. Þeir fara á stúfana og leita uppi athyglisverða viðmælendur og skemmtilegar upptökur. Þátttökuskólarnir tíu eru: Brekkuskóli, Giljaskóli, Glerárskóli, Grímseyjarskóli, Hríseyjarskóli, Hlíðaskóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli, Síðuskóli og Naustaskóli. Á heimasíðum skólanna má finna fjölmargar skemmtilegar fréttir úr skólalífinu. Þær fjalla um nemendur og störf þeirra í skólunum. Oftar en ekki eru fréttirnar skrifaðar af starfsmönnum skólanna en ekki af nemendum sjálfum. Kominn er tími á að nemendur miðli sjálfir fréttum um skólalífið og atburði nærsamfélagsins til samnemenda og annarra sem áhuga hafa á.

Nánar á <http://grenndargral.is/>

Ný fundaröð umræðufunda um niðurstöður PISA er hafin.

Fundunum er ætlað að vera vettvangur fyrir áhugafólk um grunnskólamenntun til umræðna um PISA könnun OECD og niðurstöður hennar. Þeir eru haldnir í sal Námsmatsstofnunar að Borgartúni 7A.

Fyrsti fundurinn um PISA 2009 var haldinn 25. janúar s.l. og fjallaði hann um fyrstu 2 bindin í skýrslu OECD og um einkenni lesskilningsverkefna sem íslenskir nemendur eiga ýmist áberandi aðvelt eða erfitt með að leysa. Sjá nánar á:

<http://www.namsmat.is/vefur/>



Vinamynd Síðuhóps á Sunnubóli.

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 28. apríl 2011